

Nd.

197. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Skal slíkur læknir þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til þess, að hinn fjölmenni fiskiskipafloti Íslendinga, sem sækir á æ fjarlægari mið, einkum á síldveiðunum, eigi kost á læknisþjónustu, þegar slys eða veikindi ber að höndum um borð í skipunum. Þess vegna er lagt til í frv. þessu, að ríkisstjórninni verði heimilað að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans slíka þjónustu á fjarlægðum miðum. Mundi hann þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi, sem að jafnaði eru í námunda við veiðiskipin. Hér er um heilbrigðis- og öryggismál að ræða, sem þörf er skjótra ráðstafana í.